

Alþingi
Erindi nr. P 138/547
komudagur 9.12.2009

Til nefndasviðs Alþingis

Frá Samtökum fjárfesta

Varðar þingmál 256 á þingskjali 292, frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins.

Samtök fjárfesta lýsa undrun sinni á að frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt skuli lagt fyrir Alþingi seint í nóvember, tekið til umræðu 10 dögum síðar og umræðum ætlaður takamarkaður tími því margt í frumvarpinu eru grundvallarbreytingar í skattamálum og þarfnast verulegs undirbúnings og ekki verður séð að það náist á þeim dögum sem eftir eru til frestunar þingfunda.

Samtök fjárfesta munu í þessari umsögn aðeins fjalla um skattlagningu á fjáreignatekjum. Í því sambandi er rétt að vísa til umsagnar Samtaka fjárfesta frá liðnu sumri, dagsett á Jónsmessu. Sú umsögn fylgir með þessari umsögn.

Að standa vörð um frjálsan sparnað.

Tilgangur Samtakanna fjárfesta er:

- *Að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum, stjórnámálamönnum, útgefendum hlutabréfa og annarra verðbréfa, fjölmiðlum og öðrum þeim, sem áhrif geta haft á hag þeirra, er fjárfesta í hlutabréfum, verðbréfum og öðrum sparnaðarleiðum.*
- *Að efla áhuga og þekkingu almennings á mikilvægi frjáls sparnaðar og á leiðum til ávöxtunar sparifjár m.a. með fjárfestingum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum.*
- *Að vinna gegn því, að neikvæð ávöxtun sparifjár verði andlag beinnar eða óbeinnar skattlagningar.*

Athygli skal vakin á því að í lögum um tekjuskatt er fjallað um fjármagnstekjuskatt en í raun er átt við fjáreignatekjuskatt þar sem tekjur af fjáreignum eru skattlagðar. Með fjármagni er átt við skuldir og það stendur greinilega ekki til að skattleggja skuldir í þessu frumvarpi.

Nú um stundir er meiri ástæða en nokkru sinni fyrr að standa vörð um sparifé landsmanna. Sparifjäreigendur hafa tapað verulegum fjárhæðum á hruni fjármálastofnana, bæði í inneign í sjóðum sem og hlutafé. Vissulega voru inneignir á bankareikningum verndaðar, enda hefði það leitt til enn alvarlegra hruns og algerlega glataðs traust í fyrirsjáanlegri framtíð ef bankainnistæður hefðu ekki notið sérstakrar verndar. Með frumvarpi því, sem nú liggur fyrir, er í raun verið að draga úr því takmarkaða trausti, sem ríkir á fjármálamörkuðum, trausti sem er nauðsynlegt til að byggja upp nýtt samfélag.

Misskilningur

Samtök fjárfesta telja að þessi hækkun á fjäreignatekjuskatti byggist á verulegum misskilningi, þar sem í umræðu er fjallað um 10% skattlagningu af fjäreignatekjum í samanburði við 35% tekjuskatt af launatekjum. Það er alls ekki réttur samanburður þar sem vextir eru að hluta til verðleiðrétting vegna verðryrnunar af völdum verðbólgu og sá hluti vaxta er alls ekki tekjur. Vextir eru að minnstum hluta tekjur. Vextir eru samsettir úr afgangi fyrir lánsfé og verðleiðréttingu vegna verðbreytinga, þess sem kallað er verðbólga. Verðbætur eru þannig ekki tekjur en þó skattlagðar um 10%, eins og um tekur væri að ræða. Þá er og vert að minna á að stór hluti bankainnistæðna ber ekki vexti sem halda í við verðbólgu og því um neikvæða raunvexti að ræða, en samt sem áður eru vextir andlag til skattlagningar. Í frumvarpinu er engin tilraun gerð til að varpa skýru ljósi á tekjuhugtakið í vöxtum, en slíkt er nauðsynlegt þegar skattprósenta er há og verðbólga mikil.

Þá er enn við að bæta að vaxtagjöld af skuldum eru ekki dregin frá áður en „fjäreignatekjur“ eru ákvarðaðar. Vert er að minna á að það var haft í huga þegar fjäreignaskattur var ákveðin 10% árið 1996. Það sýni enn frekar að bera saman skatthlutfall launa og og skatthlutfall fjäreignatekna er óraunhæft.

Eignaupptaka

Í mikilli verðbólgu er það svo að stærstur hlut þess sem talið er vextir, er verðbætur til að viðhalda raungildi eigna. Skattlagning á verðleiðréttingu er því eignaupptaka.

Vextir á flestum innlánsformum í fjármálastofnunum eru nú um stundir lægri en verðbólga, og hefur svo verið oftar en ekki. Ávöxtun verðtryggðra reikninga er eðli málsins samkvæmt jákvæð. Vextir á slíkum reikningum eru nú um 3,5% – 4,3%.

Með slíkri raunávöxtun og fyrirsjáanlegri verðbólgu er skattlagning á raunávöxtun á bilinu 60%-80% og því langt úr hófi.

Færa má rök fyrir því að þegar verðbólga er engin þá mætti skattleggja vextina, sem þá væru jafnir raunvöxtum, um sömu skattprósentu og launatekjur. Því fer fjarri að þau skilyrði hafi skapast hér á landi.

Stóreignaskattur undir heiti auðlegðarskatts

Við hækkun á fjáreignasköttum bætist við „auðlegðarskattur“, betra er að nefna slíkan skatt „stóreignaskatt“, til að viðhalda sögulegu samhengi. 1,25% „stóreignaskattur“ á fjáreignir eins og verðtryggðar bankainnistæður á 4% vöxtum er í raun 32% fjáreignatekjuskattur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að telja hlutabréf í skráðum félögum fram á markaðsverði við álagningu á „stóreignaskatti“. Það er söguleg reynsla að arður af markaðsverði er innan við 2%. Því er 1,25% skattlagning til viðbótar við aðra skattlagningu sem næst 60% tekjuskattlagning.

Þessu til viðbótar má bæta við að eignaskattar eru afturhvarf til tíundarlaga frá árinu 1097, en tíund hér á landi var eignarskattur en ekki tekjuskattur. Við skoðun á skattlagningu í Bandaríkjunum og Evrópulöndum eru eignarskattar ekki til. Í því sambandi má nefna að „Wealth tax“ eða „Net wealth tax“ finnst ekki í kennslubókum um fjármál. Þar er gengið út frá því að eign sé núvirt framtíðarfjárstreymi. „Eign“ sem hefur ekki fjárstreymi er ekki eign. Almenna hugsunin í skattlagningu er skattur á tekjur í fjárstreyminu en ekki ástimplað „verð“ á „eign“. Með þessari skattlagningu er í raun verið að hverfa til baka um 9 aldir, til þess misskilnings, sem rætt er um í „Árna byskups sögu“, og þingmenn geta kynnt sér nánar.

Um „Gengishagnað“

„Gengishagnaður“ af inneignum á gjaldeyrisreikningum er ekki tekjur, heldur tenging til viðmiðunar í heimagjaldmiðli. Vaxtatekjur af gjaldeyrisreikningum er nálgun við eðlilega skattlagningu, sérstaklega með hóflegri skattprósentu eins og var í upphaflega í lögum nr. 94/1996. Þar er „tekjuandlagið“ sem eru vextir skattlagt með tiltölulega lágu skatthlutfalli þar sem „verðbæturnar“ sem eru innifaldar í

vöxtum eru jafnframt skattlagðar. Ákvæði 2. greinar frumvarpsins leiða því til hreinar eignaupptöku, sem getur aldrei verið tilgangur skattlagningar.

Málefni öryrkja og fjáreignatekjur þeirra

Nú er það svo að öryrkjar kunna að eignast sparifé. Nægir þar að nefna tryggingabætur sem koma sem eingreiðslur, eða þá að foreldrar barna, sem hafa verið öryrkjar frá fæðingu, hafa reynt að tryggja fjárhagslegan framtíðargrundvöll barna sinna. Með skerðingarákvæðum almannatrygginga vegna fjáreignatekna og enn frekari skattlagningar nú, er verið að hefta þessa einstaklinga í fátæktarfjötra sem þeir eiga aldrei að fá að komast úr.

Samandregið um skattlagningu fjáreignatekna

Allar tillögur í þessu þingskjali eru með einkennum ofurskattlagningar. Ofurskattlagning af þessu tagi leiðir til þess að skattstofninn, frjáls sparnaður dregst saman. Það er miklu fremur þörf á að stækka skattstofninn með hóflegri skattlagningu, að hvetja til frjáls sparnaðar með þeim ávinningi, sem slíkt hefði á öðrum sviðum efnahagslífsins. Sparnaður er ekki nauðsyn, heldur frjálst val. Ofurskattlagning er refsing fyrir dygðina að spara og kemur til með að framlengja og dýpka til muna þá efnahagslæð, sem fylgir hruni á fjármálamarkaði.

Dæmi um skattlagningu

Höfuðstóll	100.000	100.000
Verðbætur	10.000	10.000
Vextir	4.000	4.000
Skattur áður 10% (í raun 35,0%)	(1.400)	
Skattur eftir 15% (í raun 52,5%)		2.100
Skattur ætti að vera	400	600
Mismunur	(1.000)	(1.500)

Þegar um gengistryggingu er að ræða þá getur skatturinn orðið mun hærra hlutfall af vöxtum.

Benda má að launþegar hafa þegar greitt 37% skatt af tekjum og til viðbótar, eins og í dæminu að ofan, 35% miðað við núverandi 10% fjáreignatekjuskatt.

Stilla má upp sambærilegu dæmi af gengisinnláni, þar sem gengismunur til tekna yfir áramót getur hoggið stórt skarð í höfuðstól þegar gengið fer til baka eftir áramót. Dæmið gæti verið allt að því fáránlegt.

Vert er að skoða hvernig fjáreignatekjuskatturinn aflaði tekna, m.a. vegna þess hve lágur hann var, þetta auðveldaði innlausn hagnaðar af sölu fyrirtækja svo dæmi sé tekið.

Að lokum er vert að bend á reynslu gamals endurskoðanda, að þegar tekjuskattur á félög var allt að 65% var ekkert fyrirtæki gert upp með hagnaði, einkum af tveimur ástæðum;

- enginn hvati var til að sýna hagnað og þar með ráðdeild í rekstri
- að undanskot urðu „fýsilegri“

Fh. Samtaka fjárfesta

Vilhjálmur Bjarnason

GSM 895 6280 vb@hi.is

Til efnahags- og skattanefndar

Frá Samtökum fjárfesta

Á Jónsmessu 2009.

Umsögn um Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum,

þingmál nr. 118, þingskjal nr. 155.

Samtök fjárfesta eru hagsmunasamtök almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda, sem starfa án tillits til stjórnmalaskoðana eða fjárfestingar og sparifjáreignar félaga sinna, aldurs þeirra eða búsetu.

Tilgangur Samtakanna er:

- *Að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum, stjórnmalamönnum, útgefendum hlutabréfa og annarra verðbréfa, fjölmiðlum og öðrum þeim, sem áhrif geta haft á hag þeirra, er fjárfesta í hlutabréfum, verðbréfum og öðrum sparnaðarleiðum.*
- *Að efla áhuga og þekkingu almennings á mikilvægi frjáls sparnaðar og á leiðum til ávöxtunar sparifjár m.a. með fjárfestingum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum.*
- *Að vinna gegn því, að neikvæð ávöxtun sparifjár verði andlag beinnar eða óbeinnar skattlagningar.*

Athygli skal vakin á því að í lögum um tekjuskatt er fjallað um fjármagnstekjuskatt en í raun er átt við fjáreignatekjuskatt þar sem tekjur af fjáreignum eru skattlagðar.

Samtök fjárfesta vilja minna á að sparifjáreigendur hafa fært gífurlegar fórnir við hrun banka á liðnu hausti. Nægir þar að nefna glötun á hlutafé í fjármálastofnum, glötun eigna í verðbréfasjóðum og um 20% tap á eignum lífeyrissjóða, sem verður aldrei bætt.

Samtök fjárfesta telja ekki rétt að fjalla um önnur atriði en þau er varða skattlagningu fjáreigna. Þar er vísað til ákvæðis til bráðabirgða merkt III., þ.e. að fjáreignatekjuskattur hækki úr 10% í 15% af fjáreignatekjum af fjáreignatekjum umfram kr. 125.000 hjá einstaklingum. Hér er ekki um að ræða sakleysislega 5% hækkun, heldur 50% hækkun.

Þetta ákvæði á eingöngu við um skattlagningu á vaxtatekjur þar sem um tekjur af arði og söluhagnaði er ekki um að ræða um þessar mundir.

Samtök fjárfesta telja að þessu hækkun á fjáreignatekjuskatti byggist á verulegum misskilningi, þar sem í umræðu er fjallað um 10% skattlagningu af fjáreignatekjum í samanburði við 35% tekjuskatt af launatekjum. Það er alls ekki réttur samanburður þar sem vextir eru að hluta til verðleiðrétting vegna verðrymnunar af völdum verðbólgu og sá hluti vaxta er alls ekki tekjur. Verðbættur eru þannig ekki tekjur en þó skattlagðar um 10%. Þá er og vert að minna á að stór hluti bankainnistæðna ber ekki vexti sem halda í við verðbólgu og því um neikvæða raunvexti að ræða, en samt sem áður eru vextir andlag til skattlagningar.

Allar verðbættur eru skattlagðar eins og um tekjur er ræða, en verðbættur eru alls ekki tekjur. Þannig er 10% skattlagning 10% verðbóta og 5% raunvaxta sem næst 30% skattlagning á raunvöxtum af fjáreignum.

Samtök fjárfesta telja að samþykkt þessarar hækkunar á skattlagningu á fjáreignatekjur sé yfirlýsing um að peningalegur sparnaður sé of mikill nú um stundir. Svo er alls ekki eins og alþingismönnum er vel ljóst.

Samtök fjárfesta telja að hið háa Alþingi eigi miklu fremur að efla og auka peningalegan sparnað til að auka skatttekjur af hærri tekjustofni heldur en að refsa þeim sem enga sök hruni bankakerfisins á liðum haustdögum.

Samtök fjárfesta mælast því eindregið til að ekki verði gripið til þess óhæfuverks, sem aukin skattlagning á fjáreignatekjur er.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

Framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta